

Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Efnistaka úr Hrafná í landi Hrafnkelsstaða, Kolgrafafirði.
Framkvæmdaraðili	Grundarfjarðarbær, kt. 520169-1729, sem er landeigandi Hrafnkelsstaða.
Sveitarfélag	Grundarfjarðarbær.
Tegund framkvæmdar	Framkvæmdin sem um ræðir er 49.500 m ³ efnistaka, malarnám úr árframburði af 24.900 m ² svæði í árfarvegi Hrafnár. Efnistakan fellur undir tölulið 2.04 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum 106/2000, en þar segir: Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m ² svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m ³ .

Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)

Framkvæmdin felst í efnistöku allt að 49.500 m³ af seti úr árframburði af 24.900 m² svæði í árfarvegi Hrafnár. Nánari upplýsingar má sjá í Áætlun um efnistöku í Hrafná.

Var leitað umsagna?

Ekki er talin þörf á að leita umsagna, þar sem um einn landeiganda er að ræða og efnistakan er fjarri aðliggjandi jörðum. Þar sem dragáin þornar reglubundið upp og er í raun að mestu þurr nema í asahlákum og miklum rigningum, þá er engin veiði í ánni. Því er ekkert veiðifélag um ána sem þörf er á að hafa samráð við.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Já/Nei/Útskýring

Er framkvæmd umfangsmikil?	Nei
Er framkvæmd líkleg til að hafa sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum?	Nei. Um er að ræða efnistöku á seti af allt að 49.500 m ³ af malarefni af 24.900 m ² landsvæði.
Fylgir framkvæmd nýting náttúruauðlinda?	Já. Verið er að taka set til nýtingar úr Hrafnánni. Setið er endurnýjanleg auðlind í ánni.
Fylgir framkvæmd úrgangsmýndun?	Nei
Fylgir framkvæmd mengun eða ónæði?	Framkvæmdinni fylgir óveruleg truflun vegna aksturs milli efnistökusvæðis og framkvæmdarstaðar á meðan á

	efnisflutningum stendur. Truflun er einnig óveruleg á meðan á efnistöku stendur. Efnistakan stendur yfir í nokkrar vikur í senn á vel afmörkuðu svæði, fjarri nokkurri starfsemi.
Fylgir framkvæmd slysaætta?	Nei

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Hefur framkvæmdin áhrif á:

Já/Nei/Útskýring

Þá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi?	Nei. Fyrirhuguð efnistaka er í samræmi við Aðalskipulag Grundarfjarðar 2019-2039, en samkvæmt því er unnt að óska leyfis til efnistöku úr árfarvegum og úr sjó innan netlaga, án þess að þau svæði hafi verið auðkennd sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu. Það getur átt við um alla árfarvegi og sjó (innan netlaga) þar sem uppfyllt eru skilyrði til framkvæmdaleyfis og ekki gilda um sérstakar takmarkanir skv. aðalskipulaginu, s.s. vegna verndunar. Skilyrði fyrir framkvæmdaleyfi skv. aðalskipulaginu eru uppfyllt í þessari áætlun um efnistöku, þar sem þeim hefur verið fylgt við gerð hennar. Fyrirhuguð efnistaka mun heldur ekki hafa áhrif á landnotkun á íþróttasvæðinu ÍÞ-7, eins og henni er lýst hér að framan, né á aðliggjandi hverfisverndarsvæði HV-3, þar sem hún fer fram fjarri því.
Getu náttúruauðlinda á svæðinu til endurnýjunar eða magn þeirra og gæði?	Ekki til lengri tíma, þar sem verið er að taka efni úr árfamburði sem endurnýjast með tíð og tíma.
Friðlýst svæði s.s. þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvanga?	Nei
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinna vistkerfa og jarðminja s.s. eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi?	Nei
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruminjaskrá?	Nei
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)?	Nei.
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum?	Nei.
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja?	Nei.
Vatnsverndarsvæði?	Nei.
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum?	Nei.
Víðerni?	Nei.
Votlendi eða strandsvæði?	Nei.

Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun?	Ásýndin mun tímabundið breytast, meðan á efnistöku stendur. Hrafnáin ber með sér mikið set, þannig að endurnýjun mun verða á því seti sem numið er með tíð og tíma. Fylgt verður áætlun um efnistöku og frágang til að framkvæmdin hafi ekki áhrif á landslag eftir að efnistöku lýkur. Einnig má gera ráð fyrir því að áin sjái sjálf að einhverju marki um að lagfæra verksummerki efnistökkunnar með tíð og tíma.
Jarðmyndanir (t.d. eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)?	Nei.
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur?	Nei.
Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar), Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)?	Nei.
Loftgæði eða mengun?	Nei.
Menningarminjar?	Nei.
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu?	Nei.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af hugsanlegum eiginleikum umhverfisáhrifa með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

Umfang umhverfisáhrifa, þ.e. það svæði og fjöldi fólks sem ætla má að verði fyrir umhverfisáhrifum.	Skotæfingasvæði er í næsta nágrenni svæðisins, en umferð vegna efnistökkunnar verður óveruleg. Framkvæmdasvæðið er utan alfaraleiðar og áhrif efnistökkunnar á fólk því lítil sem engin. Verið er að taka efni úr árframburði sem mun endurnýja sig til lengri tíma litið. Áhersla verður lögð á að haga efnistöku þannig að áin rjúfi sem minnst bakka sína og að árfarvegurinn líti út á sem náttúrulegastan hátt. Að framkvæmd lokinni verður gengið frá svæðinu sbr. fyrirbyggjandi áætlun um efnistöku. Umhverfisáhrifin eru því óveruleg.
Stærð og fjölbreytileiki áhrifa	Áhrifin eru talin lítil og bundin við afmarkað svæði sem gengið verður frá í lok framkvæmdar.
Líkur á áhrifum	Litlar sem engar líkur á neikvæðum umhverfisáhrifum.
Tímalengd, tíðni og óafturkræfi áhrifa	Gert er ráð fyrir því að efnistakan kundi að standa í allt að 10 ár. Efni er unnið þegar þörf er á efni úr efnistökusvæðinu, svo að efnistakan er ekki stöðug allt árið, heldur líklegt að hún geti staðið í nokkra daga og allt að nokkrar vikur þegar best lætur. Áhrif hennar eru ekki óafturkræf þar sem gengið mun verða frá svæðinu að efnistöku lokinni. Hrafnáin flytur með sér mikið set úr fjöllum í kring, niður á láglandi þar sem efnistakan mun fara fram. Í framtíðinni mun áin endurnýja það efni sem numið verður. Ekki er ljóst hve langan tíma það muni taka

	fyrir efnið að endurnýja sig en setflutningar eru talsverðir í Hrafnánni.
Sammögnunaráhrif ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði	Ekki talin hætta á sammögnunaráhrifum.
Áhrif yfir landamæri	Engin neikvæð umhverfisáhrif.

Niðurstaða

Það er niðurstaða skipulags- og umhverfisnefndar að framkvæmdin eins og henni er lýst í fyrirliggjandi gögnum, sbr. einnig hvernig hún fellur að skipulagi og á grundvelli leiðbeininga Skipulagsstofnunar um forsendur til ákvörðunar um matsskyldu, að hún hafi ekki umtalsverð áhrif á umhverfið og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ákvörðun	Ekki háð mati.
Kærufrestur	Kærufrestur er til xxxxxxxx

Grundarfirði, 26. maí 2021,

Sigurður Valur Ásbjarnarson, skipulags- og byggingarfulltrúi Grundarfjarðarbæjar